

Fundargerð

Samstarfsnefnd um friðlandið Látrabjarg.

Fundarefni: almyrkvi á sólu 12. ágúst 2026 á Látrabjargi.

Haldinn á Teams þann 3. mars 2024 kl. 15:00-16:00

Fundarfólk:

Edda Kristín Eiríksdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Aðalheiður Pálmadóttir, fulltrúi landeigenda
Jón Pétursson, fulltrúi landeigenda
Geir Gestsson, fulltrúi Vesturbyggðar
Sérstakur gestur: Sævar Helgi Bragason

Markmið og umræðuefni fundar:

- Að fræðast um almyrkva á sólu 12. ágúst 2026
- Að ræða um möguleg viðbrögð/undirbúning í tengslum við atburðinn og friðlandið.

Tilfni: Almyrkvi verður á sólu þann 12. ágúst 2026 og mun hann sjást víða sunnan- og vestanlands en lengst mun hann vara á Látrabjargi og skv. fréttum má búast við að margir muni leggja leið sína þangað. Ef sannlega má búast við þúsundum ferðamanna ofan á þá gestasókn sem fyrir er og sýnt þyki að innviðir á Bjargtöngum beri álagið ekki getur verið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana. Að því samtali þurfa Umhverfisstofnun, sveitarfélagið Vesturbyggð, landeigendur og ferðaþjónar auk fleiri að koma. Meðal þess sem þarf að ávarpa er þörf á tímabundinni salernisaðstöðu og því hvort nauðsynlegt reynist að setja einhvern ramma varðandi fjölda m.t.t. álags á innviði, gönguleiðir, gróður og þá sem dvelja í byggðinni í Látravík. Í ljósi þess að Örlygshafnarvegur ber vart þá umferð sem um hann fer í dag, þykir sýnt að ávarpa verði samgöngur á svæðinu í tengslum við myrkvann. Vegurinn er þó allur utan friðlandsmarka ef frá er talinn síðasti spottinn, um kílómeter, við Bjargtanga.

1. Kynning frá Sævari Helga

Sævar Helgi hélt kynningu fyrir fundarmenn um sólmyrkvann. Í kynningunni komu fram upplýsingar um sögulegt yfirlit sólmyrkva á Íslandi og reynslu frá öðrum löndum hvað varðar umferð og ásókn fólks í að upplifa slík fyrirbæri á ákveðnum svæðum en að meðaltali verður sólmyrkvi á hverjum stað á um 400 ára fresti. Í máli Sævars kom fram að myrkvinn muni einnig sjást á Grænlandi og á Spáni, hvar hann verður um sólsetur, og taldi hann að margir myndu leggja leið sína þangað.

Sævar lagði áherslu á að góður undirbúningur væri forsenda þess að vel tækist til og meðal áskorana sem upp gætu komið væru vandamál í tengslum við aðgengi, átroðning, bílastæðaþröng og skort á salernisaðstöðu auk þess sem ákjósanlegt væri að velta fyrir sér aðgengi að mat og drykk og sorphirðu. Sævar telur að veður muni verða úrslitaatriði hvað Látrabjarg varðar og ef svo vilji til að illa viðri á höfuðborgarsvæðinu en sæmilega á

Samstarfsnefnd friðlandsins Látrabjargs

Vestfjörðum þann dag sem myrkvinn verður, sé einséð að umferðarstraumur muni liggja vestur. Sævar sagði að almyrkvi á sólu væri einstakur viðburður og langtum meiri upplifun en 99% deildarmyrkvi í líkingu við þann sem varð á Íslandi árið 2015.

Samkvæmt Sævari verður næsti almyrkvi á sólu í Texas þann 8. apríl nk. og Texasríki hefði lýst yfir neyðarástandi í ljósi reynslu Bandaríkjamanna af síðasta almyrkva. Sævar mun verða viðstaddur þann myrkva og er reiðubúinn að miðla reynslu sinni af umgjörð Texasbúa um myrkvann til samstarfsnefndar. Sævar hyggst opna upplýsingavefinn www.eclipse26.is í byrjun apríl og ráðgerir að vera í sambandi við hagsmunaaðila á svæðinu og koma að virku samtali varðandi það er að myrkvanum snýr.

2. Umræður

Rætt var um hvað búast mætti við að gestir sem koma á svæðið til að upplifa myrvkann dvelji lengi. Sævar taldi að um væri að ræða 5-6 klukkustundir að minnsta kosti. Ljósmyndarar vilja stilla sér upp og vera tilbúnir 2-3 tímum áður en myrkvinn hefst og eru þangað til honum líkur. Í ljósi þess að myrkvinn verður á háönn í ferðabjónustu sé sýnt að ferðamenn sem eru staddir á landinu á annað borð muni uppgötva myrkvann, áhuginn hjá Íslendingum muni líka kvikna þegar veðurspáin verði ljós.

Rætt var um hvaða staðir á bjarginu sjálfu væru bestu útsýnisstaðirnir. Einnig hvort fleiri staðir, utan Látrabjargs, kæmu til greina svo dreifa mætti álagi. Meðal staða sem nefndir voru, voru Patreksfjörður, Rauðisandur og fjallvegir á Vestfjörðum. Mögulegt væri að búa til kort af skuggavarpi af fjöllum á þeim tíma sem myrkvinn verður og þá mætti merkja inn góða staði og stýra þannig álagi með því að mæla með nokkrum mismunandi stöðum.

Rætt var um það hvort raunhæft væri að boðið yrði upp á rútuferðir inn á friðlandið í stað þess að allt stíflist af smærri bifreiðum, auk þess sem rými til að leggja bílum er mjög takmarkað. Slíkt frumkvæði kæmi frá ferðabjónum. Því var velt upp hvort unnt yrði að selja í slíkar ferðir eins og norðurljósaferðir þar sem göt í skýjum væru elt. Á Íslandi væri kostur hve veður er breytilegt, skýjað og heiðskýrt til skiptis.

Rætt var um mögulega umferð á sjó og lofti en um friðlandið gilda skýrar reglur hvað varðar hvort tveggja. Umferð á sjó er óheimil innan marka friðlandsins (með undantekningum sem ekki eiga við), flug verður takmarkað við ákveðna lágmarksflughæð (skv. stjórnunar- og verndaráætlun sem er í kynningarferli í mars 2024) og drónaflug er bannað.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar upplýsti um að stofnunin myndi að lágmarki bregðast við með aukinni landvörslu þann dag sem sólmyrkvinn verður og stýringu í kringum bílastæði og á bjargbrún m.t.t. aðgengis, rýmis og öryggis gesta.

Rætt var um hvort mögulegt væri að koma fyrir tímabundinni salernisaðstöðu á Bjargtöngum, hvernig sú tilhögun yrði og hver myndi bera af því kostnað.

Rætt var um sorphirðu í tengslum við atburðinn og þörfina á henni en innan friðlandsmarka er ekki sorphirða heldur eru gestir þess hvattir til þess að taka ábyrgð á eigin úrgangi og taka allt það með sér sem komið er með inn á svæðið.

Næstu skref:

Fulltrúi Vesturbyggðar mun taka umræðuna upp í ferðamálasamtökum í Vesturbyggð og innan raða sveitarfélagsins.

Sævar Helgi mun kanna kostnað við að setja upp kort með upplýsingum um skuggavarp af fjöllum. Hann mun ennfremur vera vakandi fyrir þeim ráðstöfunum sem gripið verður til í Texas í apríl og miðla því til nefndarinnar í maí, ss. því hvernig upplýsingum var komið til almennings, skiltum o.fl.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar mun boða næsta fund nefndarinnar í maí. Sævar lýsti sig tilbúinn til að koma inn á þann fund.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið klukkan 16:00